

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018
við Gerðaskóla, Sveitarfélaginu Garði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. maí 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018 frá 19. október 1999.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota (U3) breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir sem jafnframt stækkar til norðvesturs en minnkar sjávarmegin við núverandi byggingar. Einnig stækkar opið óbyggt svæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 2010.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.